

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 14. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0045
IAS

Efni: Nýtt hótél í Hveradölum – ákvörðun um matskyldu.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun frá 14. febrúar 2014, í gegnum skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt hótél í Hveradölum – ákvörðun um matskyldu.

Eigandi Skíðaskálans í Ölfusi (Heklubyggð ehf.) hyggst efla ferðaþjónustu á staðnum og byggja þar um 6.000 m² og um 150 herbergja hótél. Gildandi deiliskipulag og umhverfismatferli sem lauk 2022 gerir hins vegar ekki ráð fyrir hótelinu, og skv. tl. 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur framkvæmdin í flokk B þar sem heildarbyggingarmagn í Hveradölum verður meira en 5.000 m².

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð framkvæmdaaðila og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er innan háhitasvæðis Hengilsins, þar sem undirsvæðin Hellisheiði og Hverahlíð liggja saman. Rétt austan við framkvæmdasvæðið er jarðhiti á yfirborði og undanfarin ár hefur hann færst til suðurs og nær nú m.a. undir hringveginn. Í ljósi nýtingar jarðhitans og þeirra umbrota sem nú eru í gangi á Reykjanesskaga er mögulegt að jarðhitavirkni á yfirborði geti breyst frekar og ætti að hafa það í huga ef farið verður í framkvæmdir.

Framkvæmdasvæðið er ekki á náttúruminjaskrá en svæði 752, Hengilssvæðið, er austan við það og svæði 753, Eldborgir og Lambafell, er vestan við það. Þá er svæðið að hluta á nútímahrauni en þar sem því hefur þegar verið raskað hefur verndargildi hraunsins rýrnað.

Ásýndaráhrif verða talsverð en mögulega má draga úr þeim við hönnun hótels og bílastæða.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

